

8. gr.

70

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum. Sé brotinu þannig háttað, að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin ákveðin sem svarar að minnsta kosti tíföldum skatti, sem undan var dreginn, þó aldrei yfir 1000 krónur. Mál, sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 15. maí 1944.

Einar Arnórsson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING

71

16. maí

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Krossavíkurhöfn í Neshreppi utan Ennis, nr. 161 25. september 1942.

1. gr.

Fyrri hluti 15. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir notkun hafnarinnar eru þessi:

Bátagjöld:

Vélbátar um vetrarvertíð, frá 1. jan. til 14. maí	kr. 19.00	fyrir hverja smál.
— — sumarvertíð, frá 14. maí til 24. sept. . .	— 13.00	— — —
— — haustvertíð, frá 24. sept. til 31. des. . .	— 13.00	— — —
Bátar, sem ganga allt árið, greiði	— 39.00	— — —
Bátar frá 6—10 smál. greiði	— 30.00	— — —
Bátar frá 10—20 smál. greiði	— 26.00	— — —

Sjö síðari málsgreinarnar haldist óbreyttar.

2. gr.

Fyrri hluti 16. gr. orðist þannig:

Af vörum, sem fluttar eru í land eða skipað út í vikinni eða því hafnarsvæði, sem greinir í 1. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða gjöld þau, sem hér segir:

1. Af salti, kolum og sementi	kr. 4.50	fyrir hverja smál.
2. — útlendum áburði	— 4.50	— — —
3. — óverkuðum saltfiski	— 4.50	— — —
4. — verkuðum saltfiski	— 5.00	— — —
5. — nýjum fiski	— 2.30	— — —
6. — slægðum flatfiski	— 7.80	— — —
7. — frystum fiski	— 5.50	— — —
8. — þurrum fiskbeinum	— 5.00	— — —
9. — blautum fiskbeinum	— 2.30	— — —
10. — heilfötum (olíufötum)	— 1.00	— stykkið
11. — hálfötum og tómum tunnum	— 0.50	— —
12. — kjöti	— 7.50	— hverja smál.
13. — trjávörum og öðrum vörum, sem reiknast eftir rúmmáli	— 0.15	— hvert ten.fet
14. — öllum öðrum vörum	— 0.65	— hver 100 kg

71 Póst- og farþegaflutningur er undanþeginn gjaldi þessu.
16. maí Þrjár síðari málsgeinarnar haldist óbreyttar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. maí 1944.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

72
16. maí

SAMÞYKKT

um lokun sölubúða í Ólafsfjarðarkauptúni.

1. gr.

Sölubúðum í Ólafsfirði skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, á föstudögum eigi síðar en kl. 7 síðdegis og á laugardögum eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina.

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum til kl. 11 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. júní til 15. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 1 síðdegis.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í kaupúninu eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, þá er hreppsnefnd heimilt að ákveða að sölubúðum skuli um lengri eða skemmri tíma lokað fyrr eða opnaðar seinna en samþykkt þessi ákveður.

3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokun sölubúða í samþykkt þessari skulu enn fremur þessar undantekningar.

Brauð- og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og 1. desember frá kl. 10 f. h. til kl. 2 e. h., eingöngu til sölu á brauðum, mjólk og mjólkurvörum.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annars staðar utan sölubúða kaupmanna nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og vistaforða handa skipum, og sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlendum vörum aðkomumanna í geymsluhúsum verzlana.